

Súðavíkurhreppur
Árni Traustason,
byggingarfulltrúi
Grundarastræti 3
420 Súðavík



Reykjavík, 18. október 2013
Tilvísun: UST20130900146/ksj

Súðavíkurhreppur Deiliskipulagslýsing Reykjanes við Djúp

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Súðavíkurhrepps er barst 17. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi jarðarinnar Reykjanes við Djúp.


Náttúruminjar


Fyrirhugað deiliskipulag tekur til alls lands jarðarinnar Reykjanes. Eins og fram kemur í ofangreindri lýsingu er Reykjanes á náttúruminjaskrá, en þar segir: *Reykjanes við Ísafjörð, Súðavíkurhreppi, N-Ísafjarðarsýslu. Allt nesið norðan Rauðagarðs. Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt dýralíf.* Fram kemur í lýsingu að gert er ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem fuglalíf er fjölskrúðugt og gróðurfar sérstætt einkum umhverfis jarðhitasvæði, þá þurfi í allri uppbyggingu að taka tillit til þessa sérstæða náttúrufars. Einnig telur stofnunin mikilvægt að við deiliskipulag svæðisins sé leitast við að meta hve mikla starfsemi og mannvirkjagerð svæðið þoli án þess að til komi hnignunar á náttúrufari.

Veitur

Í lýsingu er minnst á rafveitu, og fram kemur að 6 KW rafstrengur samveitu fyrir Inndjúpið liggur um reykjanes, en þar eru einnig díselvélar. Ekkert kemur fram um fráveitu í lýsingu og bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að upplýsingar um áætlanir varðandi fráveitu komi fram í væntanlegri deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun